



Skýrsla stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir starfsárið 2023

Ég býð ykkur velkomin til 12. ársfundar sjálfseignarstofnunarinnar Þekkingarseturs Suðurnesja sem haldinn er í dag 22. maí 2024. Hér verður gerð grein fyrir starfsemi setursins árið 2023.

Engin breytingar urðu á stjórn Þekkingarsetursins á árinu en í henni sitja:

- Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar og stjórnarformaður
- Guðmundur Grétar Karlsson, skipaður af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknarseturs HÍ á Suðurnesjum
- Nanna Kristjana Traustadóttir, fulltrúi Keilis
- Sindri Gíslason, skipaður af Náttúrustofu Suðvesturlands

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi

- Einar Jón Pálsson
- Þorvaldur Örn Árnason
- Rögnvaldur Ólafsson
- Sigrún Svafa Ólafsdóttir
- Guðrún Kristín Ragnarsdóttir

Forstöðukona setursins er Hanna María Kristjánsdóttir

Stjórnin fundaði fjórum sinnum á árinu auk ársfundar.

Þegar Þekkingarsetrið var stofnað árið 2012 var gerður samningur við mennta,- og menningarmálaráðuneytið sem nú heitir Háskóla,- iðnaðar,- og nýsköpunarráðuneyti. Samningar hafa verið endurnýjaðir og framlengdir í stuttan tíma í senn og bindum við vonir um að ráðuneytið geri sem fyrst þriggja til fimm ára samninga til að eyða út óvissu með framtíð setursins.

Þekkingarsetrið vinnur samkvæmt stefnu sem samþykkt var árið 2014 af stjórn setursins og var endurskoðuð árið 2020. Þar er fjallað um gildi, leiðarljós, hlutverk og markmið setursins. Gildin eru rannsóknir, fræðsla og fagmennska sem er grunnur starfseminnar. Setrið er miðstöð rannsóknarstarfa og rannsakenda á sviði náttúrufræða og tengdra greina á Suðurnesjum sem er leiðarljósið. Hlutverk setursins er að efla rannsóknir, bjóða upp á fyrirmyndar aðstöðu til rannsókna og stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi og markmið setursins snúa að rannsóknum og þróun, háskólanámi og samþættingu þekkingarstarfs, símenntunar og samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum.

Rannsóknir og þróun

Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum eru megin stoðstofnanir Þekkingarsetursins og sjá að miklu leyti um rannsóknarhluta þess. Mikið og gott samstarf er á milli þessara stofnana. Áherslusviðin eru sem fyrr, fuglafræði, sjávarlíffræði og eiturefnavistfræði.

Náttúrustofa Suðvesturlands kemur að fjölbreyttum verkefnum enda stofan einstaklega vel staðsett til slíkrar rannsókna, og er megináhersla lögð á fugla,- og sjávarrannsóknir. Helstu verkefnin eru vöktun náttúruverndarsvæða:

- Vöktun Arfadalsvíkur að beiðni HS Orku hf
- Landnám grjótkrabbans við Ísland
- Vöktun hafna m.t.t framandi tegunda
- Rannsóknir á landnámi sindraskelja
- ICES WGITMO (Alþjóða hafrannsóknarráð)
- SEATRACK (Kortlagning fugla)
- Bjargfuglavöktun
- Fiðrildavöktun
- Vöktun skolpmengunar

Á Náttúrustofunni er miðstöð fræða framandi sjávarlífvera á Íslandi, þar er haldið utan um útbreiðslu allra þekktra framandi sjávarlífvera við Ísland og stunduð metnaðarfullt rannsóknarstarf í þeim fræðum. Forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands er Dr. Sindri Gíslason.

Rannsóknarsetur Háskóla Ísland á Suðurnesjum stunda rannsóknir á sviði eiturefnavistfræði og sjávarlíffæði. Áherslur rannsókna eru áhrif mengandi efna á sjávarlífverur á norðurslóðum í samstarfi við innlenda og erlenda vísindamenn og framhaldsnema. Skoðuð eru áhrif ýmissa efna á krækling, öðuskel og krabbadýr með notkun líffræðilegra mælikvarða og notagildi aðferðarinnar við umhverfisvöktun. Rannsóknarsetur HÍ hefur umsjón með söfnun kræklinga vegna árlegrar mengunarvöktunar á landsvísu að beiðni umhverfisstofnunar og heldur áfram rannsóknum á mengun í íslenskum höfnum. Sumarið 2023 hófst vöktun á áhrifum og umfangi tríbútýltins við hafnir landsins að beiðni umhverfisstofnunar. Starfsmenn Rannsóknarsetursins eru í vinnuhópi á vegum ICES, AMAP og NordMar er lúta að áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur og umfang plastmengunar á norðurslóðum og er þessi aðild mikilvægur hluti alþjóðlegs samstarfs Íslands um mengun sjávar á norðlægum slóðum.

Rannsóknarsetur HÍ hefur umsjón með rannsóknarbátnum Sæmundi Fróða RE og Gavia-kafbát HÍ sem eru nýttir til rannsókna,- kennslu,- og þjónustuverkefni. Forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum er Dr. Halldór Pálmar Halldórsson.

Hér í Þekkingarsetrinu er fjórar áhugaverðar sýningar sem setrið hefur umsjón með fyrir Suðurnesjabæ. Sýningin „*Heimskautin Heilla*“ sem fjallar um ævi og störf franska vísindamannsins Jean-Baptiste Charcot hefur staðið hér í setrinu í um 17 ár. Sýningin er samstarfsverkefni Suðurnesjabæjar, Háskóla Íslands, Þekkingarsetursins og fjölskyldu Charcot. Náttúrugripa sýning er hér í aðal þar sem finna má lifandi sjávardýr og rannsóknaraðstöðu fyrir börn sem nýta má í skólakennslu. Á neðri hæð má svo finna sýninguna „*Huldir heimar hafsins – Ljós þangálfanna*“ eftir Katrínu Þorvaldsdóttir, Eydísí Mary Jónsdóttir og samstarfsfólk þeirra. Einnig má sjá ljósmyndasýningu um sögu hússins frá frystihúsi til rannsóknastöðvar.

Fiskeldisfyrirtækið Stofnfiskur, nú Benchmark Genetics Iceland hefur verið aðalnotandi blautrýma síðustu ár og samningar gerðir við þá til eins árs í senn. Verkefni þeirra snýr að framleiðslu á hrognkelsum til útflutnings.

Þekkingarsetrið er enn aðili að INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic) sem er alþjóðlegt net rannsóknarstöðva á norðlægum slóðum sem fengið hefur fjármögnun síðustu ár úr rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun. INTERACT III átti að ljúka í lok árs 2023 en var framlengt um eitt ár. Tveir hópar vísindamanna á vegum samtakanna munu dvelja í setrinu í sumar og haust við rannsóknir. Óvíst er hvað verður eftir að verkefninu lýkur en samtökin INPA eða INTERACT Non-Profit Association, hafa verið stofnuð og er Þekkingarsetrið aðili að þeim. Komi ekki til frekari styrkveitinga frá Evrópusambandinu er gert ráð fyrir að INPA taki við þeirri starfsemi sem hefur verið byggð upp og fjármagni með öðrum hætti.

Verkefni, fræðsla og samstarf

Í rannsóknarstöð Þekkingarsetursins er áhersla lögð á fuglarannsóknir sem snúa meðal annars að því að svara brýnum spurningum er varðar far, lýðfræði og vernd farfugla. Íslenski tjaldurinn er þar í aðalhlutverki. Tjaldurinn er mjög ákjósanlegt viðfangsefni þeirrar rannsóknar því að stofninn er samsettur af bæði farfuglum og staðfuglum. Líffræðingurinn Sölvi Rúnar Vignisson hefur umsjón með rannsókninni. Til viðbótar sinnir Sölvi ýmsum rannsóknum og þjónustuverkefnum, og tekur þátt í sumum af rannsóknum Náttúrustofu og Rannsóknarseturs HÍ.

Þekkingarsetrið hefur frá árinu 2015 séð um skipulagningu og framkvæmd starfsgreinakynningar fyrir nemendur í 8. og 10. bekkjum á Suðurnesjum, fyrir hönd Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS). Mikil ánægja hefur verið með þessa kynningu meðal nemenda, skóla og atvinnurekenda á svæðinu. Á síðasta ári var nýr metfjöldi starfsgreina kynntur eða um 115 talsins og aldrei hafa fleiri nemendur sótt kynninguna eða tæplega 900 úr grunnskólum og svo yfir 100 til viðbótar frá FS, Keili og MSS sem bera að fagna.

Sumarið 2022 varð til hugmynd að gagnvirku verkefni fyrir yngri gesti Þekkingarsetursins. Talið var nauðsynlegt að tengja þann fróðleik og þá muni sem til eru í Þekkingarsetrinu, nýrri kynslóð einstaklinga á áhugaverðan, skemmtilegan og spennandi hátt. Hugmyndin þróaðist úr einni teikningu í gagnvirkan fræðslu- og uppgötvunarleik að nafni Fróðleiksfúsi og hefur hugmyndin þróast mikið. Gagnvirka fræðsluforritið Fróðleiksfúsi hefur nú litið dagsins ljós á 21 spjaldtölvu innan veggja Þekkingarseturs Suðurnesja. Verkefnið er á fyrsta stigi þróunar sinnar og er nú hægt að kynnast nærri 70 mismunandi dýrategundum í ýmsum vistkerfum Íslands í gegnum persónurnar Fróðleiksfúsa, Vísinda-Lindu, Rýn, Reyn, Rostungulla og fleiri. Fróðleiksfúsi var

hannaður í samstarfi við grafíska hönnunarfyrirtækið Jökulá og útskriftarnemendur á tölvunarfræðibraut við Háskólann í Reykjavík. Daníel G. Hjálmtýsson verkefnastjóri fræðslu og miðlunar hefur yfirumsjón með fróðleiksfúsa og er í raun „faðir“ Fúsa. Daníel á stórt og mikið hrós skilið fyrir sína vinnu hér í Þekkingarsetrinu og hefur hann lagt mikla vinnu í að miðla upplýsingum á samfélagsmiðla og til allra sem áhuga hafa á. Þakka ég og stjórnin honum fyrir frábæra vinnu.

Þekkingarsetur Suðurnesja er í samstarfi við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum og heldur símenntunarnámskeið á sviði náttúrufræða og tengdra greina. Einnig er setrið í góðu samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum til að mynda Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fisktækniskóla Íslands, Geocamp Iceland, Keili og leik- og grunnskóla á svæðinu. Sjö Þekkingarsetur starfa víðsvegar um landið með mismunandi áherslur en gott samstarf er á milli þeirra allra í gegnum Samtök þekkingarsetra.

Þekkingarsetrið skrifaði undir aðildarsamning við Fablab Suðurnesja sumarið 2023 og er aðstaða þess í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Fablab er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Smiðjan veitir einstaklingum og fyrirtækjum tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Einnig er setrið aðili að Reykjanes UNESCO Global Geopark, Markaðsstofu Reykjanes og sjávarklasanum á Suðurnesjum.

Á síðasta ári sóttu hingað í Þekkingarsetrið hátt í 1900 gestir og um þúsund nemendur heimsóttu sýningar setursins og fjölgar þar með frá ári til árs sem er mjög ánægjulegt.

Starfsmannahald, fjármál og styrkir

Á síðasta starfsári störfuðu 3 starfsmenn í Þekkingarsetrinu í 2,7 stöðugildum og yfir sumarið var einn sumarstarfsmaður í fullu starfi og annar í hlutastarfi. Í dag starfa enn 3 starfsmenn og í sumar verða sama fyrirkomulag og í fyrra. Forstöðukona setursins óskaði eftir því á síðasta ári að taka sér ársleyfi frá störfum og ráðinn yrði nýr forstöðumaður í eitt ár í senn. Var það samþykkt af stjórn. Farið var í að auglýsa starfið og bárust sex umsóknir. Tveir aðilar voru boðnir í viðtal og hlutskarpastur var Ægir Karl Ægisson og var ráðinn í eitt ár frá 1. september 2023.

Stjórn Þekkingarsetursins samþykkti rekstraráætlun fyrir árið 2023 á fundi sínum í nóvember 2022. Áætlaðar tekjur fyrir árið 2023 voru rúmar 47 milljónir og útgjöld tæpar 53 milljónir,

rekstrarhalli því um 6 milljónir. Rúm 45% teknanna koma frá ríkissjóði eða um 26.1 milljón króna. Suðurnesjabær kemur svo til móts við Þekkingarsetrið varðandi viðhald húsnæðis og rekstur sýninga. Aðrar tekjur koma frá styrkjum, leigu á aðstöðu, aðgangseyri og útseldum verkefnum. Þess má einnig geta að Þekkingarsetrið fékk þrjá góða styrki á árinu 2023. Styrkir frá uppbyggingasjóði Suðurnesja að upphæð 2.000.000.- Menningarsjóði Suðurnesjabæjar að upphæð 200.000.- og HS orka styrkti Þekkingarsetrið að upphæð 500.000.-.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnarinnar þakka ykkur öllum fyrir gott samstarf á síðasta ári og hlakka til að fylgjast áfram með starfinu hér í Þekkingarsetrinu.

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir
Stjórnarformaður